

Skipulags- og umhverfisráð 2. mars 2026 dagskrárliður 5

Breytingartillaga við tillögu skipulagsfulltrúa um meðferð fyrirbyggjandi vinnslutillögu að deiliskipulagi Kársnesstígs á sunnanverðu Kársnesi.

Lagt er til að skipulags- og umhverfisráð feli skipulagsfulltrúa að afla greinargerðar óháðra faglegra sérfræðinga á útfærslum og umhverfisáhrifum mögulegra stofnstíga fyrir hjólreiðar á sunnanverðu Kársnesi sbr. 6.gr. skipulagslaga. Til samanburðar við fyrirbyggjandi deiliskipulagstillögu verði nálgun VSB verkfræðistofu, sem barst með athugasemdum Útivistarsamtaka Kársness. Þar er horft til Kópavogsbrautar sem stofnleiðar og tengibrautar hjólreiða ásamt Kársnesbraut og Urðarbraut. Til stuðnings er vísað í markmið aðalskipulags um hjólreiðaáætlun til að tryggja hjólatengingar milli heimila, skóla, þjónstustofnana og almenningssamgangna.

Greinargerð

Við gerð skipulagsáætlana á að leita eftir sjónarmiðum og tillögum íbúa, viðkomandi stjórnvalda og annarra þeirra sem hagsmuna eiga að gæta um mörkun stefnu. Í þessu máli var sjónarmiða leitað á vinnslustigi. Athugasemdafresti lauk 23. janúar sl. og barst 161 athugasemd. Þeir sem andmæltu voru 85%, stuðningur var frá 8% og umsagnir opinberra aðila voru 7%. Margar athugasemdir íbúa voru ítarlegar og vel rökstuddar og sjónarhornin mismunandi. Yfir 500 manns skrifuðu undir áskorun þar sem skorað var á Kópavogsbæ að varðveita strandlengjuna sem friðsælt útivistarsvæði og finna stofnleið hjólreiða aðra leið gegnum Kársnesið sem myndi nýttast Kársnesbúum betur. Auk þess voru umsagnir Náttúruverndarstofnunar og Náttúrufræðistofnunar á þá leið að framkvæmdin er talin hafa neikvæð áhrif á friðlandið og skerða verndargildi þess og geta brotið í bága við 3. gr. náttúruverndarlaga nr. 60/2013. Þá sýna mælingar að hækka þarf stíginn um meira en 1 metra að jafnaði til að hann standist viðmiðunarreglur Vegagerðarinnar um lágmarkslandhæð með tilliti til sjávarflóða. Valkostagreiningin sem stuðst er við til undirbúnings deiliskipulagstillögunni er frá 2022 og í henni er ekki lagt mat á þann kost sem Útivistarsamtök Kársness hafa nú lagt til. Vandséð er hvaða tilgangi samráð og auglýsing á vinnslustigi þjónar, ef framkomnar athugasemdir og ábendingar leiða ekki til endurmats. Rauði þráðurinn í athugasemdum íbúa er að stofnstígur fyrir hjóreiðar og göngustígur til náttúrunautnar geti ekki farið saman á þessu takmarkaða landsvæði. Aðrar meginathugasemdir eru að umhverfismatið sé villandi og órökstutt og að óviðunandi sé að aðeins einn kostur sé borinn undir íbúa.

Landnotkun verður aðeins breytt með breytingu á aðalskipulagi

Gerð er grein fyrir mismunandi landnotkun til þróunar sveitarfélagsins í aðalskipulagi. Skipting í landnotkunarflokka er ákveðin í skipulagslögum og reglugerð. Landnotkun einstakra svæða verður ekki breytt nema með breytingu á aðalskipulagi. Á strandlengju Kársness er landnotkunin **Opið svæði (OP)**. Svæði fyrir útivist, aðallega í tengslum við þéttbýli með aðstöðu sem almennri útivist tilheyrir, svo sem stígum og áningarstöðum, auk þjónustu sem veitt er á forsendum útivistar.

Samgöngur (VE) er annar landnotkunarflokkur í aðalskipulagi. Vegir, götur, helstu göngu-, reið- og hjólastígar.... stofn- og tengibrautir í þéttbýli. Í aðalskipulagi

Kópavogs er áhersla á að innleiða vistvænar samgöngur og stuðla að skilvirkum samgönguleiðum innan bæjarfélagsins. Landnotkunarflokkun á strandlengju Kársness var þó ekki breytt í aðalskipulagi sem tók gildi í árslok 2021. Frá fyrsta skipulagi Kópavogsbæjar 1949 hefur landnotkunin verið göngubraut/göngustígur til útivistar. Það stangast á við leiðarljós bæði í svæðisskipulagi og aðalskipulagi að fórna opnu útivistarsvæði til að standa undir skuldbindingum samgöngusáttmálans um virkar og vistvænar samgöngur. Eðlilega verður matið og framsetning gagna villandi þegar stofnstíg fyrir hjólréiðar er komið fyrir á opnu svæði til útivistar í stað landnotkunarsvæðis fyrir samgöngur.

Stofnstígur hjólréiða

Með deiliskipulagstillögunni fylgir minnisblað umhverfissviðs Kópavogsbæjar um valkostagreiningu frá 5. desember 2022. Þar er vísað til samgöngusáttmála höfuðborgarsvæðisins sem samþykktur var á Alþingi og af bæjarstjórn Kópavogs árið 2020. Í honum er gert ráð fyrir stofnstíg fyrir gangandi og hjólandi vegfarendur um sunnanvert Kársnesið. Stofnstígar eigi að tengja saman sveitarfélög, innviði þeirra og atvinnusvæði og að vera aðlaðandi, auðrataðir, auðskildir, greiðfærir og öruggir. Með opnun Fossvogsbrúar verði Kársnesstígurinn mögulega einn fjölfarnasti göngu- og hjólastígur landsins. Þá er sagt að með tilkomu hraðskreiðra keppnishjóla, notkunar aftanívagna, rafmagnshlaupahjóla, reiðhjóla og annarra fjölbreyttra samgögtækja fjölgi enn í hópnum sem notar hjólastíga. Hraðinn sé líka orðinn meiri með tilkomu rafknúinna farartækja og því brýnt að aðskilja umferð gangandi og hjólandi til að tryggja öryggi og ánægju allra vegfarenda.

Í árslok 2019 voru gefnar út hönnunarleiðbeiningar Vegagerðarinnar og sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu. Kópavogsbær átti fulltrúa í samstarfshópnum sem samdi þær. Markmiðið var að tryggja með samræmdum hætti örugga og greiða umferð hjólréiðamanna um höfuðborgarsvæðið í samræmi við markmið svæðisskipulags og skipulagsáætlana allra sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu. Hjólastígakerfið var flokkað þannig að meiri kröfur eru gerðar til stofnstíga en annarra leiða, ekki ósvipað flokkun þjóðvegakerfisins. Viðmiðunarhraði við hönnun hjóllaleiða á jafnsléttu er 30 km/klst fyrir stofn-/tengileiðir innan þéttbýlis og 20 km/klst fyrir aðrar leiðir. Þeir sem stunda hjólréiðar í samgönguskyni eiga tilkall til þess að öryggiskröfur í leiðbeiningunum séu uppfylltar. Varasamt er að draga úr umferðarhraða með sértækum aðgerðum á einum hluta stofnstígakerfisins, þar sem stofnstígar eiga að vera samræmdir á öllu höfuðborgarsvæðinu.

Lokaorð

Í mati á kostunum sem bornir verða saman þarf að gæta jafnræðis og jafnvægis. Stofnstígar eru ákveðnir í skipulagi hvers sveitarfélags fyrir sig en kostnaður vegna þeirra greiðist í samræmi við kostnaðarskiptingu í samgöngusáttmálanum. Útfærsla hvort heldur er við ströndina eða Kópavogsbraut á að fela í sér breytingar sem nauðsynlegar eru til að fullnægja kröfum í hönnunarleiðbeiningum sem sveitarfélögin og Vegagerðin hafa sammælt um. Kópavogsbær þarf jafnframt að leggja mat á aðra þætti eins og hvor samanburðarkostanna myndi henta betur sem stofnleið í hjólréiðaáætlun til að hanna tengileiðir innan bæjarhlutans. Það er nefnilega líka hluti af loftslagsskuldingum samgöngusáttmálans að sveitarfélögin greiði fyrir hjólréiðum sem virkum samgöngum innanbæjar. Í báðum kostum verður að leggja mat á hvort breyta þarf aðalskipulagi áður en deiliskipulagstillaga er auglýst. Þá þarf að greina

hvort komast megi hjá því að fækka bílastæðum á bæjarlandi við Kópavogsbraut með réttu skipulagi á götunni, hjólastígum og gangstéttum. Jafnfamt þarf að kanna hvort á þeirri leið séu líka einkaréttarlegir samningar við íbúa sem brotið yrði gegn með fyrirhugaðri framkvæmd eins og raunin er á Þinghólsbraut.

Fylgiskjöl

Samningar íbúa við Þinghólsbraut

Umsögn bæjarritara um fyrirspurn varðandi Kársnesstíg